

Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Ársreikningur 2023

Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritanir stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru hagsmunasamtök og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stofnuð árið 1976. Markmið samtakanna er að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsemi SSH var að venju umfangsmikil á árinu 2023. Alls urðu formlegir fundir stjórnar SSH 22, eigendafundir Sorpu bs. fimm og eigendafundir Strætó bs. fimm. Stefnuráð byggðasamlaganna fundaði sex sinnum. Þá voru haldnir þrjú svokallaðir örfundir þar sem öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var boðið til fundar um þau sameiginlegu verkefni og málefni sem voru hæst á baugi hjá SSH. Þá var áfram unnið að verkefnum er tengjast Samgöngusáttmálanum, uppfærslu hans, rekstri almenningsamgöngu og starfsemi Betri samgangna ohf.

Líkt og undanfarin ár var unnið að áhersluverkefnum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 sem tengjast m.a. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Að venju voru þessi verkefni nokkuð umfangsmikil og tengdust m.a. úrgangsmálum höfuðborgarsvæðisins (innleiðing hringrásarhagkerfisins), innleiðingu loftslagsstefnu og markaðsverkefni er tengist Strætó og almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Þá var hafinn undirbúningur á útvistarvef fyrir höfuðborgarsvæðið.

Á árinu 2023 fundaði svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins tíu sinnum og tók um 50 erindi til efnislegrar meðferðar. Nefndin lét vinna sérstaka greiningu á mögulegri legu græna stígsins um græna trefilinn í útmörkum höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við Landslag landslagsarkitekta og Skógræktarfélag Íslands. Þá staðfesti nefndin tillögu að leiðbeiningum: *Mannlíf, byggð og bæjarrými* sem voru unnar í samstarfi við Skipulagsstofnun. Nefndin heimsótti sveitarfélögin Kópavog og Garðabæ til að fræðst um helstu skipulagsverkefni sem eru í pípunum þessa stundina. Einnig heimsótti nefndin svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja og staðfestu nefndirnar sameiginlega ályktun um bættu samgönguinnviði og bættar almannavarnir milli svæðanna, sem var send ríkisstjórn Íslands.

Stofnuð var áfangastaða- og markaðsstofa fyrir höfuðborgarsvæðið með þátttöku stjórnvalda og annarra hagaðila. Samhliða er að störfum stefnuráð og ráðgjafahópur í samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og fyrirtækja í ferðaþjónustu. Unnið var að greiningum og hagsmunamálum er tengdust vanfjármögnun ríkisins vegna málaflökks fatlaðs fólks sem leiddi til samnings milli sveitarfélaganna og ríkisins.

Líkt og á árinu 2022 var unnið að verkefni er lýtur að stjórnsýslu byggðasamlaganna. Þá var áfram unnið að framkvæmdum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins og framkvæmdum í Bláfjöllum lauk á árinu 2023. Þá var áfram unnið að verkefnum er tengjast mótvægisáðgerðum í vatnsvernd svæðisins.

Á vettvangi SSH störfuðu á árinu þverfaglegir samráðshópar sveitarfélaganna um ýmis samstarfsverkefni vegna sóknaráætlunar, velferðarmála, skólamála, skipulagsmála, samgöngumála o.fl. Ný heimasíða samtakanna var opnuð í júní 2023, en henni er ætlað að auðvelda til muna upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa og annarra hagaðila, en áður hafði jafnframt verið tekin í gagníð sérstök gagnagátt þar sem kjörnir fulltrúar geta nálgast fundargerðir og fylgigögn þeirra.

Aðildarsveitarfélög samtakanna voru sjö á árinu 2023 en þau eru Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2023 er afkoma samtakanna jákvæð um 12,1 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2023 samkvæmt efnahagsreikningi nam 26,3 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Laun og launatengd gjöld á skrifstofu SSH námu 51,7 millj. kr. Starfandi er framkvæmdastjóri hjá samtökunum auk tveggja annarra starfsmanna alls í 2,7 stöðugildum í árslok. Þá starfar svæðisskipulagsstjóri á skrifstofu SSH og meðal verkefniskostnaðar svæðisskipulags eru færð laun og launatengd gjöld svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar. Samtals nam kostnaður verkefnisins 33,7 millj. kr. á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Kópavogur, 18. mars 2024
Framkvæmdastjóri
Páll Björgvin Guðmundsson

Í stjórn samtakanna:

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 18. mars 2024

KPMG ehf.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2023 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kópavogur, 12. mars 2024

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af endurskoðanda og skoðunarmönnum.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr	Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2023	Ársreikningur 2022
Rekstrartekjur				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	4	38.551.188	38.073.665	33.486.073
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		49.766.323	42.000.000	40.789.267
		<u>88.317.511</u>	<u>80.073.665</u>	<u>74.275.340</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	5	51.764.277	51.646.984	50.642.379
Húsnæðiskostnaður	6	8.009.691	8.006.542	7.216.157
Annar rekstrarkostnaður	7	6.646.870	10.950.041	12.468.964
		<u>66.420.838</u>	<u>70.603.567</u>	<u>70.327.500</u>
Verkefnakostnaður	8	12.885.305	12.710.000	6.852.064
		<u>79.306.143</u>	<u>83.313.567</u>	<u>77.179.564</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		<u>9.011.368</u>	<u>(3.239.902)</u>	<u>(2.904.224)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		3.978.268	0	1.589.804
Fjármagnstekjuskattur		(875.219)	0	(291.036)
Vaxta- og þjónustugjöld		(49.939)	(47.383)	(46.626)
		<u>3.053.110</u>	<u>(47.383)</u>	<u>1.252.142</u>
Afkoma ársins	10	<u>12.064.478</u>	<u>(3.287.285)</u>	<u>(1.652.082)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Skammtímakröfur		3.784.717	6.325.479
Óinnheimt vegna Sóknaráætlunar		10.000.000	9.000.000
Handbært fé		87.208.254	53.953.071
		<u>100.992.971</u>	<u>69.278.550</u>
Eignir samtals		<u>100.992.971</u>	<u>69.278.550</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	9		
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	10	<u>26.260.871</u>	<u>14.196.393</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		9.913.401	9.180.695
Skammtímaskuldir		32.913.401	18.830.697
Ónotað verkefnafé		31.905.298	27.070.765
		<u>74.732.100</u>	<u>55.082.157</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>100.992.971</u>	<u>69.278.550</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2023	2022
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins	10	12.064.478	(3.287.285)	(1.652.082)
Veltufé frá (til) rekstrar		12.064.478	(3.287.285)	(1.652.082)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		1.540.762	0	5.676.577
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		19.649.943	0	6.069.951
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		21.190.705	0	11.746.528
Handbært fé frá (til) rekstrar		33.255.183	(3.287.285)	10.094.446
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu		33.255.183	(3.287.285)	10.094.446
Handbært fé í ársbyrjun		53.953.071	53.953.071	43.858.625
Handbært fé í árslok		87.208.254	50.665.786	53.953.071

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Tekjur

Rekstrartekjur SSH eru annars vegar framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar árgjald aðildarsveitarfélaganna eins og það er ákvarðað á aðalfundi hverju sinni. Framlög Jöfnunarsjóðs eru færð til tekna í samræmi við úthlutanir sjóðsins. Framlög sveitarfélaga byggja á föstu gjaldi pr. íbúa sem síðan er innheimt með hliðsjón af fjölda íbúa í viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

3. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2023 er birt í rekstrarreikningi og sjóðsstreymisýfirliti til samanburðar.

4. Árgjöld aðildarsveitarfélaga:

	2023	2022
Reykjavíkurborg	21.774.792	18.862.161
Kópavogsbær	6.208.332	5.422.390
Hafnarfjarðarbær	4.758.780	4.135.806
Garðabær	2.943.252	2.564.828
Seltjarnarnesbær	728.208	656.219
Mosfellsbær	2.093.208	1.810.475
Kjósarhreppur	44.616	34.194
	<u>38.551.188</u>	<u>33.486.073</u>

5. Laun og launatengd gjöld:

Laun skrifstofu:

Laun framkvæmdastjóra	20.433.554	18.635.715
Önnur laun skrifstofu	21.002.216	22.772.511
Lífeyrissjóðsgjöld	5.593.829	5.530.066
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	1.368.047	1.356.560
Tryggingagjald	3.053.104	3.043.164
Tryggingar	89.844	139.416
Annar starfsmannakostnaður	268.805	0
Áfallið orlof	850.878	28.947
Laun vegna ræstingar færð á húsnæðiskostnað	(896.000)	(864.000)
	<u>51.764.277</u>	<u>50.642.379</u>

Laun svæðisskipulags:

Laun starfsmenn svæðisskipulags	13.857.647	12.349.722
Laun svæðisskipulagsnefndar og varamanna í stjórn	4.634.494	4.634.494
Lífeyrissjóðsgjöld	2.350.786	2.194.778
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	417.694	392.559
Tryggingagjald	1.323.530	1.217.713
Dagpeningar	70.045	71.835
Samgöngustyrkur	72.000	72.000
Áfallið orlof	(771.765)	282.026
Framlag vinnu í sóknaráætlun	(1.067.713)	(759.924)
Launakostn. vegna svæðisskipulags færð á verkefniskostn.	(20.886.718)	(20.455.203)
	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar, frh.:

5. Laun og launatengd gjöld, frh.:

Laun annarra sérverkefna

Laun	7.376.514	14.408.791
Lífeyrissjóðsgjöld	995.830	1.909.187
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	176.900	318.519
Tryggingagjald	549.460	1.079.480
Áfallið orlof	(1.223.471)	1.223.472
Annar starfsmannakostnaður	11.772	0
	<u>7.887.005</u>	<u>18.939.449</u>
Hlutdeild sérverkefna í launakostnaði	(7.887.005)	(18.939.449)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>51.764.277</u>	<u>50.642.379</u>

Launakostnaður vegna verkefnastjóra á skrifstofu SSH, vegna verkefnanna áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið og heimilislausir með fjölpættan vanda.

6. Húsnæðiskostnaður:

	2023	2022
Húsaleiga	5.633.522	5.168.149
Annar kostnaður	2.376.169	2.048.008
	<u>8.009.691</u>	<u>7.216.157</u>

7. Annar rekstrarkostnaður:

Framlag SSH til Sóknaráætlunar.....	5.000.000	5.000.000
Tölvuþjónusta.....	2.329.884	2.541.596
Tölvuþjónusta vegna nýrrar vefsíðu.....	331.957	5.349.156
Bókhaldsþjónusta.....	1.455.500	1.339.800
Fundakostnaður skrifstofu (stjórnarfundir ofl.).....	694.044	894.742
Sími og burðargjöld.....	523.180	585.240
Bifreiðastyrkir.....	1.050.717	985.515
Rekstur og viðhald tölvukerfis.....	1.860.766	1.770.686
Gjaldfærð símtæki og tölvubúnaður.....	704.289	610.544
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.690.572	1.287.225
Ráðstefnur og námskeið.....	173.224	474.163
Ráðningaþjónusta.....	0	199.680
Önnur sérfræðiþjónusta.....	188.700	560.968
Auglýsingar.....	116.328	97.154
Ferðakostnaður.....	222.822	96.000
Bækur, blöð, tímarit.....	94.855	171.766
Pappír, prentun, ritföng.....	142.588	138.894
Hlutdeild svæðisskipulags í sameiginlegum kostnaði.....	(5.000.000)	(5.000.000)
Hlutdeild sóknaráætlunar í sameiginlegum kostnaði.....	(3.406.289)	(2.804.091)
Hlutdeild verkefna í sameiginlegum kostnaði.....	(1.578.687)	(1.954.139)
Annar kostnaður.....	52.420	124.065
	<u>6.646.870</u>	<u>12.468.964</u>

Sóknaráætlun landshlutasamtaka

Sóknaráætlunarverkefnin eru unnin í samfellu milli ára, og byggjast á fjármögnun og samstarfi fleiri aðila. Umfang þeirra eins og þau koma fram í ársreikningi er því meira en sem nemur árlegu framlagi ríkissjóðs. Nánari sundurliðun á tekjum og gjöldum vegna verkefnanna er að finna í yfirliti í viðauka með ársreikningi. Af hálfu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var veitt framlag að upphæð 3,4 millj. kr til vinnu við umsýslu sóknaráætlunar.

Skýringar, frh.:

8. Verkefnakostnaður, frh.:

Sóknaráætlun landshlutasamtaka, frh.

Sóknaráætlun 2020-2024:

	2023	2022
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, innheimt vegna ársins	15.000.000	21.000.000
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, innheimt vegna fyrra árs	9.000.000	8.200.000
Framlag SSH til sóknaráætlunar.....	5.000.000	5.000.000
Framlag frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.....	20.000.000	0
Vaxtatekjur.....	690.595	0
Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna Sóknaráætlunar 2020-2024.....	3.406.289	3.139.900
Innheimt á árinu vegna sóknaráætlunar	53.096.884	37.339.900
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, breyting óinnheimt.....	1.000.000	800.000
Ónotað innheimt verkefnafé Sóknaráætlunar í upphafi árs.....	9.931.851	13.201.604
Ónotað verkefnafé Sóknaráætlunar í árslok	(19.604.502)	(9.931.851)
Ráðstöfuð framlög á árinu	44.424.233	41.409.653
Sameiginlegur kostnaður.....	3.406.289	2.804.091
Nýsköpunar- og samkeppnisverkefni (Sóley).....	28.400	7.737.724
Forvarnir og geðrækt hjá unglíngum.....	0	5.359.259
Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur.....	883.709	1.575.133
Fjölsmiðjan -þróunar- og forvarnarverkefni.....	0	5.389.220
Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum.....	117.592	5.809.527
Áfangastaða- og markaðsstofa.....	0	4.094.820
Ferðaþjónusta nýsköpunarverkefni.....	0	367.500
Forvarnir á tímum Covid-19.....	91.000	481.530
Meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu.....	0	596.287
Frumdrög að loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins.....	131.522	2.602.967
Útivistarsvæði hbsv.....	1.974.629	3.499.275
Bæta samstarf svfél.við markaðs og utanumhald.....	0	1.092.320
Útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins.....	964.695	0
Almenningssamgöngur -ábatí, markaðsgreining og setning.....	12.123.435	0
Innleiðing hringrásarhagkerfisins á hbsv.....	5.576.072	0
Rafúrgangur -Samtarfsverkefni UTR, Sorpu og SSH	9.885.547	0
Loftslagsstefna -Samstarfsverkefni URN og SSH.....	5.241.343	0
Áfangastaðastofa -Framlag til áframh. undirbúnings.....	4.000.000	0
	44.424.233	41.409.653
Sóknaráætlun 2020-2024	0	0

Framlög ársins:

	2023	2022
Framlag ríkissjóðs.....	25.000.000	30.000.000
Framlag sveitarfélaga.....	5.000.000	5.000.000
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	3.406.289	3.139.900
Framlög annarra.....	20.000.000	0
	53.406.289	38.139.900

Innheimt framlög:

Framlag ríkissjóðs.....	15.000.000	21.000.000
Framlag sveitarfélaga.....	5.000.000	5.000.000
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	3.406.289	3.139.900
Framlög annarra.....	20.000.000	0
	43.406.289	29.139.900
Óinnheimt verkefnafé í árslok	10.000.000	9.000.000

8. Verkefnakostnaður, frh.

Sóknaráætlun landshlutasamtaka, frh.

Framlög sveitarfélaga til Sóknaráætlunar eru innheimt sem hluti af árgjaldi sveitarfélaga til samtakanna. Óinnheimt og ónotað verkefnafé færast milli ára og mun verða nýtt á komandi ári til verkefna tengdum Sóknaráætlun 2020-2024.

Svæðisskipulag:

Í samræmi við samkomulag aðildarsveitarfélaganna annast skrifstofa SSH rekstur og stjórnsýslulegt utanumhald um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Þann 23. nóvember 2021 var samkomulagið endurnýjað og féll úr gildi eldra samkomulag frá 24. ágúst 2012. Fjárhagur svæðisskipulagsins er aðgreindur frá almennum rekstri skrifstofu SSH, sveitarfélögin greiða sérstaklega laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar og framlög í sérstakan verkefnasjóð í samræmi við starfsreglur svæðisskipulagsnefndar. Nánari upplýsingar er að finna í yfirliti meðfylgjandi ársreikningi þessum.

	2023	2022
Hlutdeild SVF vegna svæðisskipulags.....	28.159.461	26.378.564
Verkefnafé.....	5.000.000	5.000.000
Verkefnafé annarra.....	3.100.000	0
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags frá fyrra ári.....	9.815.691	9.514.185
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags.....	(12.300.796)	(9.815.691)
Innheimt vegna svæðisskipulags	33.774.356	31.077.058
Laun svæðisskipulagsstjóra.....	13.857.647	12.349.722
Laun svæðisskipulagsnefndar.....	4.634.494	4.634.494
Launatengd gjöld.....	4.092.010	3.805.050
Breyting áfallins orlofs.....	(771.765)	282.026
Sími.....	60.000	60.000
Bifreiða- og samgöngustyrkur.....	72.000	72.000
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	7.430.425	5.378.824
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.....	5.000.000	5.000.000
Annar rekstrarkostnaður.....	606.561	254.866
Innheimtur útlagður kostnaður.....	(139.303)	0
Verkefnastjórnun sóknaráætlunarverkefna.....	(1.067.713)	(759.924)
	33.774.356	31.077.058
Svæðisskipulag	0	0
Almenningssamgöngur:	2023	2022
Framlög Vegagerðarinnar v. sam. um eflingu almenningssamg.....	(906.000.000)	(906.000.000)
Greitt til Strætó bs.....	906.000.000	906.000.000
	0	0

Samkvæmt samningi um eflingu Almenningssamgangna frá 7.maí 2012.

Skýringar, frh.:

8. Verkefnakostnaður, frh.

Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið

	2023	2022
Verkefnafé ríkis, sveitar- og hagsmunafélaga.....	4.000.000	30.500.000
Verkefnafé flutt til Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.....	(3.488.732)	0
Ónotað verkefnafé	7.323.223	(7.323.223)
	<u>7.834.491</u>	<u>23.176.777</u>
Laun og launatengd gjöld	4.280.758	13.401.501
Hlutdeild í skrifstofukostnaði.....	516.528	1.549.584
Aðkeypt ráðgjafabjónusta.....	1.757.725	6.264.825
Gjaldfærð áhöld og skrifstofubúnaður.....	0	321.993
Rekstur tölvukerfis.....	86.686	27.652
Ferðakostnaður.....	533.753	550.550
Pappír, prentun og ritföng.....	0	75.640
Fundakostnaður.....	200.008	132.842
Ráðstefnur.....	0	752.000
Auglýsingar og annar kostnaður.....	459.033	100.190
	<u>7.834.491</u>	<u>23.176.777</u>
Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið	0	0

Annar verkefnakostnaður:

	2023	2022
Framkvæmdir á skíðasvæðunum.....	0	80.433
Bjónusta við fatlað fólk með miklar sérþarfir.....	174.000	577.000
Stjórnsýsluverkefni.....	547.203	3.780.132
Viðhald girðinga.....	11.833.001	5.354.637
Vatnsvernd.....	15.881.739	15.671.969
Velferðarsvið - verkefnisstjórn.....	4.232.278	6.326.495
Umdæmisráð.....	1.571.205	0
Innheimt hjá sveitarfélögum og byggðasaml.v/stjórnsýsluv.....	0	(3.158.138)
Innheimt hjá sveitarfélögum v/vatnsverndar.....	(15.881.739)	(15.671.969)
Innheimt hjá sveitarfélögum v/umdæmisráðs.....	(1.571.205)	0
Innheimt hjá sv.félögum vegna verkefnisstjórnun velferðarsv.....	(4.232.278)	(6.326.495)
Annar verkefnakostnaður	331.101	218.000
	<u>12.885.305</u>	<u>6.852.064</u>
Verkefnakostnaður samtals	12.885.305	6.852.064

9. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða tölvubúnað, húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notað eru við daglegan rekstur.

10. Yfirlit um eiginfjárreikning

	2023	2022
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	14.196.393	15.848.475
Afkoma ársins	12.064.478	(1.652.082)
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>26.260.871</u>	<u>14.196.393</u>

11. Samningar

Hinn 7. maí 2012 var gengið frá samningi milli innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Vegagerðarinnar og SSH vegna sérverkefnis til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn var gerður til tíu ára og felur í sér framlög Vegagerðarinnar til verkefnisins sem nema um 900 millj. kr. árlega á samningstímanum. SSH eru móttakandi framlaga Vegagerðarinnar sem síðan er veitt áfram óskertum til Strætó bs. Fjárhæðir framlaga taka breytingum samkvæmt samningnum í samræmi við breytingar á launavísitölu og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í fyrsta skipti 1. janúar 2013. Þrátt fyrir framangreind verðbótaákvæði þá er fjárhæð hvers árs háð fjárlögum hverju sinni og hefur framlag verið óbreytt. Nú er að störfum starfshópur sem vinnur að tillögu að endurskoðuðu samkomulagi þar sem gert er ráð fyrir að gildistími samningsins framlengist um tólf ár, eða til ársins 2034. SSH á þrjá fulltrúa í umræddum starfshópi og enn er unnið að tillögum um áframhald samningsins.

Hinn 12. nóvember 2019 gerðu SSH annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið hins vegar með sér samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024. Til að vinna að markmiðum samningsins mótuðu SSH sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins fyrir árin 2020-2024. Árlega eru svo skilgreind áhersluverkefni sem ætlað er að endurspeglar markmið sóknaráætlunar og styðja við framgang hennar. Nam greiðsla innviðaráðuneytisins vegna samningsins 25 millj. kr. vegna ársins 2023 og framlag SSH 5 milljónum kr.

Hinn 22. júní 2020 var gert samkomulag um viðhald grunnvatns- og rennislíkans á höfuðborgarsvæðinu en aðilar þess eru Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Veitur. Tilgangur samkomulagsins, sem byggir á fyrirliggjandi markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, er að staðfesta vilja og ákvörðun sveitarfélaganna um sameiginlega vatnsvernd og samræmingu ákvarðana sem snerta vatnsverndarsvæðin. Kostnaði við árlegt viðhald og endurskoðun grunnvatns- og rennislíkans svo og sértækra viðbótargrunnrannsóknna er skipt milli vatnsveitna sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda.

Á grundvelli samstarfssamnings um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið, sem sveitafélögin auk Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka verslunar og þjónustu gerðu með sér hinn 25. janúar 2022, var SSH falið að ráða verkefnisstjóra til eins árs. Ráðning hans var síðar framlengd til 30. apríl 2023. Verkefnisstjóri tók til starfa í byrjun árs 2022 og var með starfsaðstöðu hjá SSH. Samningsupphæð verkefnisins var 30,5 millj. kr. Lokaafurð þess verkefnis var stofnun áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins, en samningur þar að lútandi var undirritaður 3. apríl 2023. Öll aðildarsveitarfélög SSH, utan Kjósarhrepps, eru aðilar að samningnum og samanlagður heildarkostnaður þeirra vegna rekstrar stofunnar á árinu 2023 var 39.590.000 kr. Sjálfseignarstofnunin Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins tók til starfa í aprílmánuði 2023.

Hinn 23. janúar 2023 tók gildi viðaukasamningur við samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024, milli SSH og umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins. Markmið samningsins var að styðja við verkefni tengt hringrásarhagkerfinu: Dregið úr förgun rafúrgangs og var framlag ráðuneytisins 10 milljónir kr. Á grundvelli þessa gerðu SSH og Sorpa bs. með sér samstarfssamning um greiningarvinnu og verkefnastýringu Sorpu bs. gegn greiðslu allt að 10 milljónum kr. til samræmis við framvindu verkefnisins. Lokaskýrsla vegna verkefnisins er nú í vinnslu.

Sóley er styrktarsjóður SSH sem nýttur er til styrkveitinga á grundvelli sóknaráætlunar. Á árinu 2022 voru sjö styrkir veittir úr Sóleyju, að fjárhæð 1.000.000 kr. hver. Þrír styrkir voru veittir til verkefna á sviði umhverfis og samgangna og fjórir styrkir voru veittir til verkefna á sviði velferðar og samfélags. Styrkúthlutun fór fram við hátiðlega athöfn 12. desember 2022. Við það tilefni var helmingur styrkfjarhæðarinnar greiddur út en afgangurinn var greiddur út á árinu 2023, eftir að styrkþegar höfðu skilað skýrslum um verkefni.

11. Samningar, frh.

Hinn 28. apríl 2023 tók gildi viðaukasamningur við samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024, milli SSH og umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins. Markmið hans var að styðja við umhverfistengd verkefni og laut samningurinn að innleiðingu loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og var framlag ráðuneytisins 10 milljónir kr. Hinn 21. júlí 2023 gerðu SSH samning við VSÓ ráðgjöf vegna verkefnisins sem fól í sér verkefnastýringu VSÓ á verkefninu "Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins 2023: Innleiðing og framkvæmd aðgerða." Verkefnið stendur enn yfir og lokaskýrsla vegna þess er í vinnslu.

Á grundvelli áhersluverkefnis sóknaráætlunar "Almenningssamgöngur: ábati, markaðsgreining og markaðssetning" gerðu SSH og Strætó bs. með sér samstarfssamning dags. 24. mars 2023 þar sem Strætó bs. var falin stýring verkefnisins, en SSH lögðu fram 12 milljónir kr., úr sóknaráætlun og með eigin framlagi. Verkefninu er nú að mestu lokið en í því fólst að vinna samantekt á upplýsingum er varða viðhorf almennings gagnvart almenningssamgöngum, að framleiða markaðsherferð með upplýsingum um Strætó bs. "Strætómeistarinn" og móta samskiptaáætlun fyrir Strætó bs. og sveitarfélögin.

Aðildarsveitarfélög SSH, utan Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps, stóðu sameiginlega að tímabundinni ráðningu verkefnastjóra í málefnum heimilislausra með fjölpættan vanda. Verkefnastjórinn var ráðinn frá 1. ágúst 2022 til og með 31. mars 2023, með fasta starfsstöð á skrifstofu SSH. Samningsupphæð verkefnisins, þ.e. kostnaður vegna launa, launatengdra gjalda og skrifstofuaðstöðu var 1.410.759 kr. á mánuði þann hluta ársins 2023 sem samningurinn var í gildi, þ.e. til og með 31. mars.

Hinn 12. desember 2022 var undirritaður samningur um rekstur sameiginlegs umdæmisráðs barnaverndar aðildarsveitarfélaga SSH utan Reykjavíkur. Samkvæmt samningnum annast SSH fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins í samráði við sviðsstjóra velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna. Sérstakur samningur ásamt viðauka hefur verið gerður um verkefni SSH en þau fela m.a. í sér umsýslu með samningum um rafrænt vinnusvæði ráðsins, tölvupóstfang, rafrænar undirritanir og skjalasendingar og fastar árlegar greiðslur til ráðsmanna. Heildarkostnaður vegna þessara þátta nam um 1,6 milljón á árinu 2023 og skiptist milli sveitarfélaganna eftir íbúafjölda.

Eru þá ótaldir ýmsir smærri samningar sem varða rekstur skrifstofu SSH, s.s. vegna húsaleigu, tölvu- og netþjónustu, bókhaldsþjónustu og verktöku í tilteknum verkefnum tengdum sóknaráætlun og öðrum verkefnum sem SSH takast á við hverju sinni.

12. Aðrir samningar

Eftirfarandi eru samningar sem unnið hefur verið að á vettvangi SSH en samtökin hafa ekki fjárhagslega umsýslu með.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu sveitarfélögin samkomulag um uppbyggingu á skíðasvæðunum við Bláfjöll og Skálafell. Hafa verið gerðir þrjú viðaukar við samninginn frá 7. maí 2018, þ.e. í mars 2020, febrúar 2021 og maí 2022. Er framkvæmdakostnaður á skíðasvæðunum áætlaður 5.3 milljarðar kr. til ársins 2026. Á árinu 2020 var farið í útboð vegna skíðalyftna og snjóframleiðslu og var öllum tilboðum hafnað. Í kjölfarið var ákveðið að fara í samkeppnisútboð vegna skíðalyftna og lágu niðurstöðu þess fyrir hinn 11. maí 2021. Í kjölfar þess var ákveðið að taka tilboði lægstbjóðanda, Dobbeldmayr skíðalyftna ehf., vegna lyftnanna Gosa og Drottningar. Gekk verkefnið vel og voru lyfturnar afhentar í árslok 2022. Þá var, í júní 2022, heimilað að ráðast í útboð vegna kaupa á snjóframleiðslubúnaði og borunar vinnsluholu vegna snjóframleiðslu. Sumarið 2022 var gengið til samninga við lægstbjóðanda vegna byggingar salernishúss á suðursvæði Bláfjalla. Framkvæmdum í Bláfjöllum er nú að fullu lokið og nam kostnaður vegna þeirra um 3,1 milljarði kr. til samræmis við áætlanir. Unnið er að undirbúningi og uppfærslu þarfagreiningar og kostnaðaráætlunar vegna uppbyggingar á skíðasvæðinu í Skálafelli.

12. Aðrir samningar, frh.

Hinn 26. september 2019 var undirritað samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára þ.e. til og með ársins 2033 (Samgöngusáttmálinn). Stjórn SSH fer með umboð sveitarfélaganna sem eru aðilar að samkomulaginu og annast á grundvelli þess eftirfylgni, eftirlit og utanumhald með samkomulaginu m.a. með skipun þriggja af sex stjórnarmönnum í Betri samgöngum ohf. Greiðslur sveitarfélaganna til Samgöngusáttmálans fara nú beint frá sveitarfélögunum til Betri samgangna ohf. skv. samkomulagi þar um. Vinna við uppfærslu sáttmálans stendur nú yfir en hún hófst í mars 2023 og eiga SSH fimm fulltrúa í viðræðuhópi um uppfærsluna.

Hinn 6. mars 2020 gerðu sveitarfélögin Reykjavík, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes samning við Strætó bs. vegna framkvæmdar akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Samhliða voru settar sameiginlegar reglur fyrrgreindra sveitarfélaga um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og samkomulag þeirra um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Framangreint felur m.a. í sér að Strætó bs. fer með umsýslu með rekstri akstursþjónustunnar en jafnframt ber sérstök stjórn akstursþjónustunnar faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu.

Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2023

	Svæðis- skipulag	Sóknar- áætlun	Viðhald girðinga	Almennings samgöngur	Vatnsvernd	Stjórnsýslu- verkefni	Velferðarsviðin verkefni	Áfangastaðurinn höfuðborgarsv.	Önnur verkefni	Samtals 2023
Innheimt vegna verka										
Hlutdeild ríkissjóðs		47.406.289								47.406.289
Verkefnafé sveitarfélaga	28.159.461	5.000.000						4.000.000		37.159.461
Aðrir hagsmunaaðilar	3.100.000									3.100.000
Rekstrarframlag sveitarfélaga og byggðas.	5.000.000				15.881.739	0	4.232.278			25.114.017
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, breyting		1.000.000								1.000.000
Vaxtatekjur		692.012								692.012
Vegagerðin v. sam. um eflingu almennings- samg.				906.000.000						906.000.000
Ónotað verkefnafé fyrra árs	9.815.691	9.931.851						7.323.081		27.070.623
Ónotað verkefnafé flutt til Áfangastofu höfuðb.sv.								(3.488.139)		(3.488.139)
Verkefnafé frá fyrra ári (flutt til næsta árs)	(12.300.796)	(19.604.502)						0		(31.905.298)
	<u>33.774.356</u>	<u>44.425.650</u>	<u>0</u>	<u>906.000.000</u>	<u>15.881.739</u>	<u>0</u>	<u>4.232.278</u>	<u>7.834.942</u>	<u>0</u>	<u>1.012.148.965</u>
Kostnaður vegna verka										
Laun og tengd gjöld	21.812.386									21.812.386
Annar rekstrarkostnaður	738.561	0								738.561
Verkefniskostnaður	7.291.122	39.951.648	11.833.001	906.000.000	15.881.739	547.203	4.232.278	7.834.942	505.101	994.077.034
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	5.000.000	3.406.289								8.406.289
	<u>33.774.356</u>	<u>44.425.650</u>	<u>11.833.001</u>	<u>906.000.000</u>	<u>15.881.739</u>	<u>547.203</u>	<u>4.232.278</u>	<u>7.834.942</u>	<u>505.101</u>	<u>1.025.034.270</u>
Verkefnakostnaður SSH	0	0	11.833.001	0	0	547.203	0	0	505.101	12.885.305